

Samkomulag um aukna byggðafestu á Drangnesi

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 250 þorskígildistonna aflamarki árlega fiskveiðiárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 auk mótframlaga samstarfsaðila Byggðastofnunar samkvæmt grein 4 og fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Drangnesi. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila á Drangnesi dags. 8. mars 2018 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar þann 25. maí 2018.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Fiskvinnslan Drangur ehf. kt.510200-2680, Aðalbraut 30, Drangnesi
- Útgerðarfélagið Skúli ehf. kt.531102-2070, Aðalbraut 30, Drangnesi
- ST-2 ehf. kt.540502-5950, Kvíabala 7, Drangnesi

1.

Meginmarkmið samnings þess er að auka byggðafestu á Drangnesi. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Drangnesi.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðiárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Úthlutun vegna nýs fiskveiðiárs hefst ekki fyrr en staðið hefur verið skuldbindingar næsta fiskveiðiárs á undan. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Útgerðarfélagið Skúli ehf. og ST-2 ehf. eru útgerðir sem leggja upp hjá Fiskvinnslunni Drangi ehf. Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfajölda sem tilgreindur er í umsókn félaganna dags. 8. mars 2018.

4.

Byggðastofnun leggur til 250 þorskígildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna að minnsta kosti 675 þorskígildistonn ár hvert.

5.

Framsaf aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr.9.grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:


1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 8. mars 2018.
2. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á Drangsnesi með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks á milli aðila og verðlagningu dags. 23. ágúst 2018

Drangsnæs 27. ágúst 2018



BYGGÐASTOFNUM

f.h. Byggðastofnunar



f.h. Fiskvinnslunnar Drangs ehf.

Ólafur Þorsteinsson

f.h. Útgerðarfélag Skúla ehf.

Þuridger Þórhildursson

f.h. ST-2 ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

Guðni Einarsson

020362-2009

Adalbjörg Sveinorsdóttir

120452 2829